



## ***Aðalfundur 2024***

Stjórn hefur ákveðið að halda aðalfund félagsins þann **21. mars 2024, kl. 17:00 að Borgartúni 27**. Félagsfólk er hvatt til þess að taka frá þennan tíma og mæta á aðalfund félagsins. Bæði er um stað- og fjarfund að ræða.

### ***Framboðsfrestur til embætta og trúnaðarstarfa***

Félagsfólk sem vill gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á aðalfundi félagsins skulu tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir **1. febrúar nk**. Framboð skulu tilkynnt [hér](#).

### ***Frestur til að skila inn lagabreytingatillögum***

Tillögur félagsfólks um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir **1. febrúar nk**. Félagsfólk er hvatt til að kynna sér [lög félagsins](#), [reglur Kjaradeilusiðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#). Félagsfólk skal senda inn lagabreytingatillögur á netfangið [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is).

***Framboð og tillögur um lagabreytingar verða kynntar í aðalfundarboði***

Skrifstofa FÍN er að  
Borgartúni 27, 2. hæð  
105 Reykjavík

## Opið:

Mánudaga og miðvikudaga

Frá kl. 13:00—14:00

Þriðjudaga og fimmtudaga

Frá kl. 11:00—12:00

Sími: 595-5175

Netfang: [fin@fin.is](mailto:fin@fin.is)

Veffang: [www.fin.is](http://www.fin.is)

## Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir,  
formaður og framkv.stjóri

Runólfur Vigfússon,  
lögfræðingur

Orri Þrastarson,  
verkefnastjóri kjaramála

Útgefandi: FÍN

## Ábyrgðamaður:

Marianna H. Helgadóttir

## Upplag:

Netútgáfa

Mynd: Hvalfjörður, MHH

## Framboð í embætti og trúnaðarstöður

Félagsfólk sem ætlar að bjóða sig fram til embætta eða trúnaðarstarfa á aðalfundi FÍN þurfa að tilkynna um framboðs sitt til stjórnar FÍN samkvæmt lögum félagsins eigi síðar en 1. febrúar nk.

Vinsamlegast sendið tilkynningu um framboð með því að fylla út eftirfarandi [eyðublað](#).

Hægt er að bjóða sig fram í eftirtalin embætti/trúnaðarstöður hjá félaginu:

### Stjórn:

Formaður til tveggja ára

Stjórnarmenn (1) til eins árs

Stjórnarmenn (8) til tveggja ára

### Stjórn Kjaradeilusjóðs:

Aðalmenn (1) til tveggja ára

### Siðanefnd:

Aðalmenn (3) til tveggja ára

Varamaður (1) til tveggja ára

Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum, en kosið er á milli frambjóðanda á aðalfundinum.

Það skal upplýst að eftirfarandi aðilar hafa tilkynnt um að þeir muni áfram bjóða fram krafta sína á komandi aðalfundi:

Marianna H. Helgadóttir núverandi formaður býður sig fram til formanns.

Eftirtaldir stjórnarmenn bjóða sig fram til áframhaldandi setu í stjórn: Anna Berg Samúelsdóttir, Guðrún Nína Petersen, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Svava S. Steinarsdóttir, Unnur Magnúsdóttir og Torfi Geir Hilmarsson

Í stjórn Kjaradeilusjóðs býður Ólafur Eggertsson sig fram sem aðalmaður.

Í Siðanefnd bjóða Anna Berg Samúelsdóttir, Emelía Eiríksdóttir og Simon Klüpfel sig fram sem aðalmenn og Guðlaug Katrín Hákonardóttir býður sig fram í sæti varamanns í Siðanefnd.

## Lagabreytingatillögur

Tillögur félagsfólks um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn fyrir 1. febrúar nk.

Félagsfólk er hvatt til að kynna sér [lög](#) félagsins, reglur [kjaradeilusjóðs](#) og [starfsreglur](#) siðanefndar FÍN.

Vinsamlegast sendið inn lagabreytingartillögur til stjórnar FÍN með því að senda tölvupóst á netfangið [fin@fin.is](mailto:fin@fin.is)

# Frá formanni FÍN

## Kæru félagar

Nú er enn eitt árið liðið og nýtt tekur við, gömul og ný verkefni blasa við okkur á nýju ári. Það er ekkert öðruvísi hjá FÍN. Við þurfum að undirbúa aðalfund og hefja kjaraviðræður á árinu.

Þegar ég hóf störf hjá félaginu í desember 2006 þá hafði ég ekki trú á því að ég myndi endast lengi í þessu starfi, þá ráðinn framkvæmdastjóri, en reyndin hefur verið önnur. Framkvæmdastjórastarfið og formannsstarfið er mjög gefandi og skemmtilegt en álagið er líka mikið og starfið er mjög krefjandi. Ég sé ekki eftir þeim árum sem ég hef notað til að gæta hagsmuna félagsfólks FÍN og þess vegna hef ég ákveðið að bjóða mig fram í síðasta sinn sem formaður félagsins á komandi aðalfundi til næstu tveggja ára. Nái ég kosningu þá verður það mitt síðasta kjörtímabil, þar sem lög félagsins kveða á um að formaður geti eingöngu setið í 10 ár samfleytt í því embætti. Bjóði fleiri sig fram til formanns þá verður kosið milli aðila á aðalfundinum í mars.



En hver sem tekur við keflinu á komandi sem formaður á komandi aðalfundi þá er árið í ár kjarasamningsár og ekki endilega ljóst að auðvelt verði að ganga frá kjaraviðræðum í því efnahagsumhverfi sem við erum í í dag.

Stjórn félagsins hefur gengið frá kröfugerðum félagsins og eru þær að stórum hluta þær sömu og lagðar voru fram við gerð síðustu samninga, þar sem eingöngu var samið um launalið í þeirri samningalotu og öðrum atriðum frestað. Samhliða því var gengið frá verkáætlun við flest stéttarfélag þar sem aðilar myndu halda viðræðum áfram á samningstímabilinu um ákveðna verkþætti. FÍN hefur átt reglulega fundi með viðsemjendum á opinberum markaði, ríki, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í þessum mánuði munum við jafnframt ganga frá viðræðuáætlunum við þessa viðsemjendur og leggja fram uppfærðar kröfugerðir.

Það hefur ekki farið framhjá neinum að umræða hefur verið hjá ákveðnum aðilum á vinnumarkaðarins að gera þyrfti þjóðarsátt vegna aðstæðna í efnahagsumhverfinu og þá er talað um háa verðbólgu. En hvernig var staðan 1990 og um hvað var samið þá. [Í riti Seðlabankans er fjallað um efnahagsmálin 1990](#) kemur fram orðrétt:

*„Mestur ávinningur íslenskra efnahagsmála á árinu 1990 felst í hjöðnun verðbólgunnar niður á svipað stig og í öðrum þróuðum iðnríkjum. Svonefndri þjóðarsátt í kjara- og verðlagsmálum er almennt þakkaður þessi árangur, en hann á ljóslega rætur í víðtækari skilyrðum efnahagsmála. Reynslan af gengisfestu, samdrætti og lægra atvinnustigi undanfarinna ára hefur haft áhrif í þessu sambandi sem og áframhaldandi aðhald í fjármálum og peningamálum með tiltölulega háum raunvöxtum. Almennir kjarasamningar ASÍ og VSÍ í febrúar, sem urðu fyrirmynd annarra kjarasamninga, lögðu ásamt gengisfestunni traustan grunn að verðlagsferlinum á gildistíma þeirra fram til september 1991.*

*Launahækkun samkvæmt kjarasamningunum var metin 5,6% á árinu 1990, en alls um 10,4% á samningstímanum. Verðbólguþætti á fjögurra mánaða grunni var í upphafi ársins tæp 24%, óbreytt frá hækkun framfærsluvísitölu yfir árið 1989. Það lækkaði nokkuð jafnt yfir árið og var 15,5% um miðbik þess, en komið niður í 7,2% í desember. Hækkunin yfir árið varð 7,3%, en hækkun lánskjaravísitölu aðeins minni, 7,1%. Eilítlu minni hækkun varð á launavísitölu, 6,6%, sem bendir til nokkurn veginn óbreytts kaup- máttar yfir árið. Breytingin innan fyrra árs var hins vegar nógu mikil til að valda rýrnun kaupmáttar milli ársmeðaltala á bilinu 4-7% eftir nánari skilgreiningum.“*

# Frá formanni FÍN frá.

Til að átta okkur á vinnumarkaðinum næstu þrjú árin þurfum við að hafa ákveðnar staðreyndir á hreinu svo unnt sé að ná samkomulagi um kjarasamninga. Ákveðnar lykilstaðreyndir skipta máli þegar við lesum í stöðu vinnumarkaðarins.

Það vekur sérstaklega athygli að alþjóðleg verðbólga hefur verið nokkuð há en hún er á niðurleið og verðbólgan á Íslandi er einnig á niðurleið. Því tel ég að bjartari tímar séu fram undan, svigrúm ætti að vera til þess að koma á móts við vinnandi fólk í þessu landi sem hefur tekið á sig miklar byrðir fjárhagslega vegna óhóflegra vaxta og hárrar verðbólgu undanfarin ár. Hagvöxtur er á niðurleið samkvæmt spá Seðlabankans og verðbólgan mun fara niður í kjölfarið. Það er því frekar lag að semja um leiðréttingar og umbætur á vinnumarkaði.

Það er samt full ástæða til að fagna því ef ríkið vill leggja sína hönd á vogarskálarnar til að liðka fyrir samningum aðila vinnumarkaðarins, en það verður ekki gert með því að einangra slíkar aðgerðir eingöngu við félagsfólk ASÍ og SA. Háskólamenntaðir geta ekki lengur setið hjá og hirt þá brauðmolana sem hent hefur verið til þeirra undanfarin ár.

Allir aðilar vinnumarkaðarins eru að mínu mati sammála um að vilja lága verðbólgu og lágt vaxtastig, ásamt auknum kaupmætti. Ég verð að stíga niður fæti hér og segja að nú er nóg komið, það er siðlaus aðferðafræði að hluti aðila vinnumarkaðarins sé leyft án nokkurs samráðs við önnur stéttarfélög að leiða kjaraviðræður á Íslandi. Það er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins átti sig á því að engin sátt hefur verið gerð meðal aðila vinnumarkaðarins að ASÍ og SA leiði kjaraviðræður á Íslandi, þó þau telji sig geta það í krafti stöðu sinnar. Vinnuveitendur verða að virða samningsrétt stéttarfélaganna og samningsumboð FÍN liggur hjá formanni og stjórn FÍN, en ekki hjá BHM né heldur ASÍ eða öðrum.

Ofríki þessara tveggja aðila á vinnumarkaði, ASÍ og SA verður að linna, þetta sjálftekna vald kann ekki góðri lukku að stýra. Þó þessir aðilar séu stór hluti vinnumarkaðarins þá eru þeir ekki einu aðilar vinnumarkaðarins. Aðildarfélag BHM og þar með talið FÍN hafa ekki verið við þetta samningaborð sem ítrekað er vitnað til í fjölmiðlum.

Það er óskiljanlegt ef ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga ætli að múlbinda sig með samningum við ASÍ og SA, við hluta vinnumarkaðarins, og mæta síðan háskólamenntuðum enn og aftur við samningaborðið og bjóða okkur sömu samninga og bera því við að hendur þeirra séu bundnar af fyrri samningum.

Eins og sjá má á launahækkunum síðustu ára hafa aðildarfélag BHM setið eftir og þar er FÍN ekki undanskilið. Hlutfallslega hefur sá hópur tekið á sig hlutfallslega meiri byrðar en aðrir launþegahópar í landinu og nú er lag að leiðrétta þá stöðu sem hefur teiknast upp. Launahækkunir síðustu ára sýna að háskólamenntaðir, aðildarfélag BHM, hafa borið minni sigur úr bítum þar sem krónutöluhækkunir hafa verið við lýði undanfarin ár, en launamyndunarkerfin hjá ríki og sveitarfélögum eru byggð upp á prósentuhækkunum.

# Frá formanni FÍN frá.

Flatar krónutöluhækkarnir sem komu í kjölfar efnahagshrunsins voru skiljanlegar. Slíkar hækkarnir eru orðnar viðtekin venja í kjarasamningum og því verður að linna. Annað hvort þarf að breyta launamyndunarkerfunum eða að launahækkarnir verði hér eftir í prósentum í þeim launakerfum sem við höfum byggt upp á opinberum markaði.

Samningslengd hefur einnig verið í umræðunni og kallað hefur verið eftir langtímasamningi. Óvissan í dag er að mínu mati utan landsteinanna, það verða fleiri stríð, mun olíuverð hækka, hafa ýmis aðföng og vörur til Íslands haldið áfram að lækka í verði. Það er ekki gott að segja eða spá fyrir um þetta. En í ljósi þessarar óvissu þá tel ég æskilegast að ganga frá 2-3ja ára samningi og taka stöðuna að nýju. Þá ættu áhrif launahækkana sem umsemjast á þessu ári að hafa skilað sér og áhrif þeirra á verðbólguna orðin ljós. Einnig ætti að vera betur ljóst hvað gerist í umheiminum. Er staðan að versna eða er hún að batna.

Tafla V3.4: Vísitala breytinga grunntímakaups 2006-2021 (2006=100)

	ASÍ			BHM		BSRB			KÍ	
	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0		100,0	100,0
2007	104,2	105,5	109,2	106,9	108,7	104,6	108,3		103,9	107,2
2008	108,9	123,4	117,2	112,8	122,6	110,1	122,5		124,2	122,8
2009	129,0	128,4	121,5	121,5	124,1	125,3	124,0		129,1	123,5
2010	131,9	132,7	127,4	122,1	126,7	126,9	127,6		130,4	124,3
2011	141,2	140,5	136,2	132,7	135,7	136,1	136,9		138,1	133,6
2012	148,0	148,6	144,4	138,7	144,1	142,4	144,8		144,5	140,2
2013	155,8	159,3	153,7	145,4	153,0	150,1	154,1		151,7	146,3
2014	169,7	168,2	162,3	160,2	162,8	163,6	162,1		171,0	169,5
2015	176,9	180,7	176,2	162,4	179,4	171,1	175,8		185,5	200,3
2016	201,9	203,6	195,3	184,3	202,1	193,8	198,9		201,6	228,6
2017	214,1	217,5	208,6	198,0	214,6	206,0	215,7		221,7	237,5
2018	225,7	232,9	221,8	207,4	227,6	217,4	232,7		232,0	246,9
2019	233,0	239,8	233,7	216,6	235,9	224,4	239,7		241,4	254,4
2020	260,4	260,5	249,1	230,2	249,5	248,3	258,2		249,2	270,1
2021	295,7	296,1	265,7	259,2	273,7	281,2	293,4		280,4	286,2

Skýringar:  
12 mánaða paraðar breytingar tímakaups nóvember 2006-2015. Frá 2016 meðaltal ársbreytinga tímakaups

Það verður því ákveðin áskorun fyrir formann og stjórn FÍN að ganga frá kjarasamningum fyrir félagsfólk FÍN á þessu ári miðað við þær aðstæður sem eru á vinnumarkaði. Í kröfugerð félagsins er gerð krafa um að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist á samningstímanum, að laun séu leiðrétt þar sem það á við, menntun sé metin til launa og að unnið sé að umbótum á vinnumarkaði.

Ég þakka ykkur fyrir samstarfið á liðnu ári og vonast eftir góðu samstarfi við ykkur á þessu ári.

Maríanna H. Helgadóttir, formaður FÍN

Til á átta okkur á því hvernig krónutölur hafa haft áhrif á aðildarfélög BHM hjá ríki og sveitarfélögum er nærtækast að skoða breytingar á grunntímakaupi frá 2006-2021 (sjá töflu V3.4 hér til hliðar).

Þarna kemur fram að vísitala grunntímakaups frá 2006 til 2021 fyrir aðildarfélög BHM hjá ríki er 273,7 en 296,1 hjá ASÍ, 293,4 hjá BSRB og 286,2 hjá KÍ. Það segir okkur grunntímakaupið hjá ríkinu hafi hækkað minnst hjá aðildarfélögum BHM samkvæmt þessum tölum.

Ef við horfum síðan á hvernig þróunin hefur verið á vísitölu grunntímakaups 2006 til 2021 hjá sveitarfélögum þá hefur minnsta hækkunin verið hjá aðildarfélögum BHM frá 2006 til 2021.

# Ólögmat afskipti opinberra aðila af stéttarfélagasáðild

Þrátt fyrir að félagafrelsi sé stjórnarskrárvarinn réttur sem jafnframt er að finna í mannréttindasáttmála Evrópu þá hafa opinberir aðilar þverbrotið þann rétt á starfsfólki.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er ítrekað að sjá og heyra að tilteknir opinberir aðilar, þ. á m. stofnanir ríkisins og sveitarfélög, séu að synja starfsfólki um aðild að tilteknum stéttarfélögum, skikka eða þvinga starfsfólk sitt í ákveðin stéttarfélög og/eða synja stéttarfélögum um samningsrétt sinn um launakjör og önnur réttindi félagsfólks síns. Er einstaklingum með beinum eða óbeinum hætti neitað um að laun þeirra og réttindi fari eftir samningum þess stéttarfélags sem það hefur sérstaklega valið að fari með samningsumboð fyrir sig og í raun þvingað til þess að annað stéttarfélag fari með samningsumboð fyrir það sem það vill undir engum kringumstæðum vera hluti af.

Slíkt verður að telja vera þvinguð aðild að félagi sem jafnvel getur haft beinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir viðkomandi einstakling m.a. vegna mismunar á félagsgjaldi stéttarfélaga sem getur talið í tugum þúsunda árlega.

Þrátt fyrir að fjármálaráðherra geri miðlæga kjarasamninga við flest stéttarfélög landsins fyrir hönd ríkissjóðs þá hafa tilteknar stofnanir ríkisins neitað einstaklingum um aðild að þeirra stéttarfélagi oft á hæpnum grunni. Helsta ástæðan sem FÍN hefur heyrt er að viðkomandi stofnanir vilja ekki gera stofnanasamninga við fleiri stéttarfélög en gert hafa.

Stofnanir hafa neitað starfsfólki um aðild að stéttarfélagi þar sem ekki sé til staðar stofnanasamningur en samhliða neitað að gera stofnanasamning við viðkomandi stéttarfélag þar sem enginn félagsmaður starfi hjá þeim!

Vert er hér að taka fram að það er ekki á forræði tiltekinna stofnana að ákveða hvort gerður sé stofnanasamningur við tiltekin stéttarfélög heldur er gagnkvæm skylda stofnana og stéttarfélaga að gera stofnanasamning sín á milli vegna félagsmanna þess stéttarfélags er starfa fyrir viðkomandi stofnun. Ráði stofnun einstakling til starfa er hyggst vera í tilteknu stéttarfélagi ber stofnun frumkvæðisskylda til þess að óska eftir við viðkomandi stéttarfélag að gerður sé stofnanasamningur milli aðila.

Sú háttsemi sem hér hefur verið lýst þekkist vart á hinum almenna vinnumarkaði hjá háskólamenntuðu fólki.

Hjá sveitarfélögum eru störf að meginstefnu undir starfsmati, þ.e. störf eru metin til stiga og launa útfrá fyrirfram ákveðnum stöðlum. Hvert starf í starfsmati er merkt einu eða fleiri stéttarfélögum. Sveitarfélög hafa synjað með beinum eða óbeinum hætti einstaklingum aðild að stéttarfélagi m.a. á þeim grunni að viðkomandi starf, skv. starfsmati, tilheyri ekki eða sé ekki sérstaklega merkt viðkomandi stéttarfélagi.

Rétt er að taka fram hér að með tiltölulega einfaldri aðgerð er unnt að merkja fleiri en eitt stéttarfélag á hvert starf milli kjarasamninga, svokölluð pörun, en svo virðist sem tiltekin sveitarfélög veigri við sér að fara í þá vegferð.

# Ólögmat afskipti opinberra aðila af stéttarfélagsaðild

Opinberir aðilar nýta sér valdaójafnvægi við ráðningar til áhrifa á stéttarfélagsaðild.

Einstaklingar sem sækja um störf hjá opinberum aðilum, og þá sérstaklega yngri aðilar, eru oftast undir hælnum á opinberum vinnuveitanda við að fá ráðningu í störf og eru því vart reiðubúnir að setja fram kröfu við ráðningu aðild að tilteknu stéttarfélagi í mögulegri óþökk væntanlegs vinnuveitanda. Er því sjaldgæft að slík mál komi formlega á borð stéttarfélaga og mjög sjaldgæft að nýráðið starfsfólk leyti atbeina dómstóla gegn vinnuveitanda sínum vegna stéttarfélagsaðildar, þó undantekningar sé að finna í dómaframkvæmd.

Með þeirri háttsemi sem hér hefur verið lýst eru opinberir aðilar að hafa áhrif á stéttarfélagsaðild starfsfólks síns, þrátt fyrir skýrt félagafrelsi á Íslandi sem m.a. á við um aðild að stéttarfélagi. **Yrði talið eðlilegt að vinnuveitandi synji starfsfólki sínu aðild að stéttarfélagi sem viðkomandi telji erfitt, eða með öðrum orðum sé að sinna skyldum sínum sem stéttarfélag?** Hver sem grunnástæðan sé fyrir þeim afskiptum þá halda framkomin rök engu vatni.

Félagafrelsi veitir einstaklingum val um að vera í stéttarfélagi eða standa utan þess, sem og að velja það stéttarfélag sem það kys ef val er til staðar.

Algjört lágmark er að opinberir aðilar virði félagafrelsi starfsfólks síns og þvingi ekki starfsfólk til að þess að leita atbeina dómstóla til að staðfesta jafn skýran rétt og raun ber vitni.

Öll afskipti eða tilraunir til áhrifa á afstöðu starfsfólks og afskipti af stéttarfélögum eða vinnudeilum er með öllu ólögmat, sama í hvaða formi þær birtast. Þau fáu dæmi um háttsemi sem hér hefur verið lýst er ekki unnt að líta með öðrum augum á nema sem **ólögleg afskipti opinberra aðila að starfsemi stéttarfélaga og stéttarfélagsaðild.**

Skorað er á fjármálaráðherra sem og viðeigandi fagráðherra þeirra stofnana sem við á að koma í veg fyrir að slík háttsemi opinberra aðila haldi áfram og að félagafrelsi starfsfólks sé virt. Sama á við um sveitarfélög er þetta varðar.

Félag íslenskra náttúrufræðinga vill taka fram að allflestar stofnanir ríkisins og mörg sveitarfélög virða þennan rétt starfsfólks síns fullum fetum, meðan aðrir aðilar brjóta vísvitandi á þessum rétti.

Runólfur Vigfússon, hdl.  
lögfræðingur FÍN



# Frá BHM

## Kjaraðönnun BHM

Um er að ræða [Lífskjararannsókn BHM](#) er lögð fyrir í fyrsta skipti en því fleiri sem svara frá okkar félagi því betri upplýsingar fáum við til að vinna úr. Við biðjum þig að taka þér 5-10 mínútur til að svara meðfylgjandi [könnun](#).

Að sjálfsgöðu verður ekki hægt að rekja svör könnunarinnar til einstakra svarenda og farið með öll gögn sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna hér fyrir neðan.

Við viljum einnig nefna að í lok könnunar geturðu skráð þátttöku þína í svarendalottóinu, en tíu heppnir svarendur fá að launum 25 þúsund króna gjafabréf í Kringluna.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna,

Marianna H. Helgadóttir formaður FÍN

*Eftirfarandi könnun er liður í reglulegri upplýsingaöflun BHM um lífskjör félagsfólks. BHM er ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög) í tengslum við framkvæmd könnunarinnar. Sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer í þágu könnunarinnar fer fram í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga. Tilgangur þessarar könnunar og vinnslu persónuupplýsinga í tilefni af henni er að mæla lífskjör félagsfólks.*

*BHM byggir vinnslu persónuupplýsinga við framkvæmd könnunarinnar á samþykki félagsfólks, en með því að taka þátt í viðhorfskönnun samþykkja þátttakendur vinnslu persónuupplýsinga um sig í framangreindum tilgangi. Heimild til þessa er í 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.*

*Það skal sérstaklega áréttað að félagsfólki ber engin skylda til þess að taka þátt í könnuninni og er frjálst að hætta hvenær sem er í ferlinu. Þá er félagsfólki sömuleiðis heimilt að svara ekki einstaka spurningum.*

*Úrvinnsla svara verður alfarið á hendi BHM. Ýtrasta trúnaðar er gætt við meðferð þeirra upplýsinga sem aflað er og niðurstöður verða eingöngu birtar í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa sem eru nægjanlega stórir til að ómögulegt sé að greina svör til einstakra svarenda.*

*Um réttindi einstaklinga gagnvart BHM samkvæmt persónuverndarlögum er fjallað í persónuverndaryfirlýsingu BHM.*

*Hafi félagsfólk einhverjar spurningar um framkvæmd könnunarinnar er þeim frjálst að beina fyrirspurnum til [thorathors@bhm.is](mailto:thorathors@bhm.is).*



# Ýmislegt frá FJN

## Lág félagsgjöld FJN

FJN kappkostar áfram að hafa lág félagsgjöld fyrir félagsfólk sitt, forgangur okkar er ávallt góð og fagleg þjónusta. Félagsfólk FJN er hvatt til að gera samanburð á aðildargjöldum FJN og annarra félaga.

Nú hefur verið útbúin handhæg reiknivél sem sýnir ávinninginn af því að vera í FJN miðað við önnur stéttarfélög. Hægt er að setja inn meðallaun og núverandi félagsgjald og bera saman við önnur stéttarfélög. Við hvetjum alla þá sem eru að velta fyrir sér vali á stéttarfélagi að skoða samanburðinn. Hægt er að skoða reiknivélina [hér](#).

Félagsgjald er iðgjald sem atvinnurekandi dregur af launum starfsmanns og kemur fram á launaseðli. Aðrar greiðslur í sjóði stéttarfélaga eru í formi mótframlags frá atvinnurekanda. Mótframlag atvinnurekanda getur verið misjafnt og fer eftir ákvæðum kjarasamninga sem laun eru greidd eftir.

## Orlofssjóður BHM

Stjórn Orlofssjóðs BHM ákveðið að ráðstafa auknu fé í niðurgreiðslur á hótलगistingu, flugfargjöldum, veiðikortum, útilegukortum og ýmsum gjafabréfum fyrir sjóðfélaga frá því sem verið hefur. Á móti verður dregið úr framboði orlofshúsa og íbúða á sumrin. Við hvetjum félagsmenn okkar til að kynna sér hvernig niðurgreiðslum á ferðaávisunum, gjafabréfum og kortum verður háttáð á [vef Orlofssjóðs BHM](#).

## Aðrir sjóðir BHM

Reglum sjóða er oft breytt um áramót og hvetur félagið félagsmenn til að kynna sér úthlutunarreglur [Styrktarsjóðs BHM](#), [Sjúkrasjóðs BHM](#) og annarra sjóða BHM, eins og [Starfsmenntasjóð BHM](#) og [Starfsþróunarsetur háskólamanna](#). Sótt er um styrki í gegnum [mínar síður](#).

## Fræðsluvefur BHM

Á vef BHM hefur verið útbúið lokað svæði undir heitinu [fræðsluvefur BHM](#) og þar geta félagsmenn aðildarfélaga BHM geta sótt sér námskeið sem eru í formi myndbanda. Helstu námskeið sem eru í boði í dag eru: Jafnrétti á vinnustað, kynning á sjóðum BHM, réttindi á vinnumarkaði, næstu skref eftir atvinnumissi, stytting vinnuvikunnar, rekstur smáfyrirtækja og næstu skref eftir atvinnumissi, ásamt fræðslufni fyrir trúnaðarmenn. Félagsmenn eru hvattir til að skrá sig inn og kynna sér það sem er í boði hverju sinni.

# Frá Starfsþróunarsetri Háskólamanna

Starfsmennt og Starfsþróunarsetur háskólamanna gerðu í lok september sl. með sér samning sem heimilar félagsfólki aðildarfélaga BHM, sem á rétt hjá Starfsþróunarsetrinu og starfar hjá ríki, sveitarfélögum eða sjálfseignarstofnunum, að sækja námskeið og annars konar fræðslu á vettvangi Starfsmenntar.

Markmið samningsins er að veita starfsfólki ríkis, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana, sem aðild á að Starfsþróunarsetrinu og er í þeim aðildarfélögum sem eiga aðild hjá Starfsþróunarsetrinu, aðgang að fræðslu og þjónustu á vegum Starfsmenntar.

Með samningnum er stigið skref í átt að auknu samstarfi í þágu hæfniefningar starfsfólks og vinnustaða um land allt og mun samstarfið m.a. auðvelda stofnunum enn frekar að sinna fræðslu og þjálfun starfsfólks á skipulagðan og stefnumiðaðan máta.

Félagsfólk FÍN, sem á aðild að Starfsþróunarsetrinu og starfar á opinbera markaðnum, getur sótt námskeið, námsleiðir, fyrirlestra og aðra fræðslu sem skipulögð er af Starfsmennt og styrkir setrið þátttöku þeirra að fullu. Því skal sérstaklega haldið til haga að um er að ræða viðbót við núverandi rétt félagsfólks, kostnaður vegna þessa námskeiða skerðir ekki einstaklingsbundinn rétt hjá setrinu.

Fjölbreytt námskeið eru í boði hjá Starfsmennt sem félagsfólk er hvatt til að skoða vel. [Hér er hægt að sjá yfirlit yfir næstu námskeið.](#)

Nánari leiðbeiningar til einstaklinga um hvernig skuli haga skráningu til að virkja rétt sinn er að finna á síðunni [greiðsluþátttaka](#) hjá Starfsmennt.

Nánar má lesa um fræðslusetrið Starfsmennt á [vef setursins](#) og [Starfsþróunarsetur háskólamanna](#).

## Vinnustaðafundir

Félagsfólk á vinnustöðum gefst kostur á að fá formann, lögfræðing og verkefnastjóra kjaramála á vinnustaðafund. Ef þið hafið áhuga á vinnustaðafundi þá hafið þið samband við félagið um netfangið [fin@fin.is](mailto:fin@fin.is) og við finnum hentugan fundartími fyrir vinnustaðafund.

## Líkamsræktarstyrkur

Félagsfólk er hvatt til að kynna sér líkamsræktarstyrk sem er í boði bæði hjá Sjúkrasjóði og Styrktarsjóði. Hægt er að kanna málið á [„Mínum síðum“](#)

Líkamsræktarstyrkur hjá Sjúkrasjóðs BHM er 25.000 kr. og 20.000 kr. hjá Styrktarsjóði BHM

Félagsfólk sem starfar á almennum markaði eru í Sjúkrasjóði BHM. Félagsfólk sem starfar á opinberum markaði eru í Styrktarsjóði BHM. Nánari upplýsingar má finna á mínum síðum á [www.bhm.is](http://www.bhm.is)